

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Fundargerð 87. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 27. apríl 2012 haldinn á skrifstofu eftirlitsins kl. 12:00. Mættir voru: Anton Helgason, Einar Valur Kristjánsson, Kristján Jóakimsson, , Jón Reynir Sigurvinson, Kolfinna Guðmundsdóttir og Jón Hörður Elíasson í stöðugu símasambandi

Dagskrá:

1. Starfskýrsla fyrir árið 2011
2. Samþykkt gjaldskrá fyrir árið 2012
3. Umhverfisráðuneyti
4. Umhverfisstofnun
5. Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti
6. Matvælastofnun
7. Skipulagsmál
8. Sveitarfélög
9. Úr eftirliti
10. Starfsleyfi fyrirtækja
11. Tækifærisleyfi
12. Tóbakssöluleyfi
13. Önnur mál

1. **Starfskýrsla fyrir árið 2011** Heilbrigðisfulltrúi kynnti starfsskýrslu heilbrigðiseftirlits fyrir árið 2011. Í henni eru upplýsingar um eftirlit, fjölda eftirlitsferða og niðurstöður sýnatöku á matvælum og neysluvatni. Tilgreind eru hin ýmsu verkefni sem farið var í á árinu 2011 og gerð grein fyrir kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna við eftirlitið. Vonast er til að þessi kynning varpi ljósi á starfsemi heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2011
2. **Samþykkt gjaldskrá fyrir árið 2012** Ný gjaldskrá hefur verið samþykkt og send til birtingar í Stjórnartíðindum
3. **Umhverfisráðuneyti**
 - Framlenging á undanþágu frá starfsleyfi vegna sjókvíaeldis í Dýrafirði. Undanþágan felur í sér leyfi til eldis allt að 2000 tonnum af regnbogasilungi. Kynnt.
 - Óskir um umsagnir vegna laugargæslu í sundlaugum á Hólmavík, Drangnesi, Reykhólum, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við að umbeðin leyfi verði veitt yfir vetrarmánuðina þegar lámærks aðsókn er að laugunum.
 - Vinna við frumvarp um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs. Kynnt. Breytingar hafa í för með sér tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga.
 - Umsögn og athugasemdir við frumvarp til efnalaga. Kynnt. Í frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir flutningi eftirlits með efnavöru frá heilbrigðiseftirliti til Umhverfisstofnunar.
4. **Umhverfisstofnun**

- Umsögn um starfsleyfistillögu fyrir Dýrfisk. Kynnt
- Áminning og krafa um úrbætur, Nesskel. Kynnt
- Afturköllun áminningar á Nesskel. Kynnt
- Grænt bókhald fyrirtækja með starfsleyfi hjá heilbrigðisnefndum. Kynnt
- Greinargerð varðandi rykmengun frá Kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal. Kynnt
- Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir móttökustöð Ísafjarðarbæjar í Engidal. Kynnt
- Kynningarefni um stjórn vatnamála. Kynnt
- Ósk um endurupptöku máls Arnarlax. Kynnt
- Markaðssetning Ratak og Roban óheimil eftir 31. mars 2012. Kynnt
- Útgáfa starfsleyfis Umhverfisstofnunar fyrir kvíaeldisstöð Arnarlax fyrir 3000 tonna eldi í Arnarfirði. Kynnt
- Útgáfa starfsleyfis Umhverfisstofnunar fyrir kvíaeldisstöð Fjarðarlax í Fossfirði fyrir 1500 tonna eldi. Kynnt
- Fiskistofa, fyrirspurn um starfsleyfi vegna fiskeldis
- Reglubundið eftirlit með urðun úrgangs, Bolungarvíkurkaupstaður. Kynnt. Svæðið ógirt og úrgangur á staðnum sem ekki eru heimildir fyrir.
- Áætlun um úrbætur móttækin vegna frávika frá starfsleyfi Þórodds. Varðar staðsetningu eldiskvíá sem ekki eru í samræmi við starfsleyfi. Kynnt.

Stöðuskýrsla um förgun skólps á svæðum heilbrigðisnefnda. Kynnt. Umhverfisstofnun velur að óska eftir upplýsingum um allar fráveitur sem losa meira en 500 p.e. (persónueiningar) Evrópusambandið og Norðmenn miða hinsvegar við upplýsingagjöf fyrir þá sem eru að losa yfir 10.000 p.e. Reglugerð um fráveitur og skólþ er frábrugðin evrópugerðum í þremur megin atriðum.

- Sett eru inn viðmið fyrir gerlamengun. Einu gerlaviðmið sem finnast í Evrópu eru vegna baðstranda.
- Kröfur í 9. grein um að frárennsli opnist ekki innan hafna og eins varðandi ákv. lengd eða dýpt – takmarka það svigrúm sem sveitarfélög hafa til úrbóta í fráveitumálum.
- Mun stífari hreinsikröfur eru gerðar í íslensku reglugerðinni heldur en evrópugerðum – er það vegna þess hve viðtakinn er lélegur hér? Væntanlega veldur þetta því að meira ætti að falla til af seyru hér. Þar sem seyran inniheldur of mikið magn af lífrænu efni er bannað að urða þetta efni. Enginn staður er til á Íslandi sem getur tekið við ristarúrgangi og meðhöndlað hann á löglegan hátt, hvorki með brennslu né endurvinnslu.
- Starfsleyfi fyrir fiskeldi og staðsetningar. Kynnt. Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að tiltaka allt það svæði sem starfsstöðin tekur til.
- Afskráning útrýmingarefnanna Ratak og Roban. Kynnt.
- Ósk starfsmanns Umhverfisstofnunar um afrit af samskiptum Antons Helgasonar og HG. Kynnt

5. Landbúnaðar og sjávarútvegsráðuneyti

6. Matvælastofnun

- Athugun á markaði á merkingu á tveimur tegundum af rótum, nípur merktar sem steinseljurót. Kynnt
- Tillaga um framsal á harðfiskleyfi. Kynnt
- Símafundur Mast og HES. Kynnt
- Innköllun á jarðhnetum vegna aðskotahlutar. Kynnt
- Aðvörðun vegna sorbitollíkra efna sem seld eru á netinu. Kynnt
- Innköllun á tófú í chillilegi frá Taiwan sem greindist með *Bacillus cereus*. Kynnt
- Innköllun á ítölsku salati frá Salathúsinu vegna hugsanlegs aðskotahlutar. Kynnt

7. Skipulagsmál

- Umsögn um fyrirhugaðar byggingar á lóðum Bakka í Arnarfirði. Kynnt
- Umsögn um breytingar á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps. Kynnt
- Umsögn vegna breytingar á deiliskipulagi Hafnarteigs 4, Bíldudal. Kynnt

8. Sveitarfélög

- Heildarefnagreining neysluvatns Hólmavík. Heilbrigðiseftirlitið tók þann 28. febrúar sýni af neysluvatni Hólmvíkinga til efnarannsóknna. Í ljós kom að blý innihald vatnsins var hærra en við höfum áður mælt en þó langt undir þeim hámarksgildum sem gefin eru í neysluvatnsreglugerð. Við frekari athuganir kom í ljós að blýinnihaldið var hærra í varavatsnbóli Hólmvíkinga. Ekki hefur verið komist að orsök en það verður skoðað frekar. Varavatsnbólið hefur verið tekið úr notkun tímabundið. Mögulegar skýringar geta verið tæring í fóðringum eða mengun frá umhverfi en einnig geta þetta verið áhrif frá jarðhita.

9. Úr eftirliti

- Bíll á Patreksfirði, fyrirspurn frá lögfræðingi. Kynnt. Heilbrigðiseftirlitið hafði ekki afskipti af umræddum bíl.
- Minnisblað frá framkvæmdastjórafundi á Akureyri um verkefnavinnu á vegum UST/MAST og HES átaksverkefni eða samstarfsverkefni. Kynnt
- Stöðuskýrsla um förgun skólps

10. Starfsleyfi fyrirtækja

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti_atvinnugreinar
560410-0260-	Thai Island	Ísafjörður	Söluturnar án óvarinna matvæla
580392-2969-	Hótel Látrabjarg	Vesturbyggð	Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gestir)
680212-0740-	Dakis	Ísafjörður	Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gestir)
530306-1510-	Skútusiglingar ehf	Ísafjörður	Krár, kaffihús með matsölu
040344-2849-	Kaffi Norðurfjörður	Árneshreppur	Krár, kaffihús með matsölu

Eftirtöldum er veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti_atvinnugreinar
010964-7099-	Swanfjords- Verbúð	Súðavík	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. skv. rgl. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti_atvinnugreinar
541108-0928-	Líf ehf	Ísafjarðarbær	Heitloftspurrkun fiskafurða
440112-1100-	DKS ehf	Ísafjarðarbær	Vinnsla á ferskum fiski, lítil
630169-2249-	Hraðfrystihúsið-Gunnvör h/f	Ísafjörður	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs
600600-3540-	Gellur og kinnar ehf	Vesturbyggð	Önnur ótalin fiskvinnsla

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. skv. rgl. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa er 1 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti_atvinnugreinar
580310-0600-	Arnarlax	Vesturbyggð	Land- og kvíaeldi
700807-0450-	Dýrfiskur - Dýrafjörður	Ísafjarðarbær	Land- og kvíaeldi
410300-5080-	Arctic Oddi ehf - Önundafjörður	Ísafjarðarbær	Land- og kvíaeldi
490209-1310-	Nýskel - Patreksfjörður	Vesturbyggð	Kræklingaeldi

11. Tækifærisleyfi

- Dansleikur í félagsheimilinu á Hólmavík, Góugleði 10. mars
- Tímabundið starfsleyfi fyrir samkomuhús og veitingasölu, Aldrei fór ég suður

12. Tóbakssöluleyfi

- Hólakaup, Ólafía Sigurvinsdóttir

13. Önnur mál

- Umhverfisgæðahópur fundur á Akureyri 5. - 6. mars þar sem farið var yfir efirlit með bensínstöðvum og olúgildrum. Kynnt
- Fyrsti fundur í vatnasvæðanefnd á vatnasvæði 1 haldinn á Hólmavík 11. apríl. Kynnt
- Ársfundur Umhverfisstofnunar 30. mars. Kynnt
- Námskeið um reglugerð 135/2010 um örverufræðileg viðmið (EU/2073/2005). Námskeiðið er haldið í samvinnu við TAIEX. 6 og 7. mars. Kynnt.

- Heimasíða fyrir Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að kynna síðuna og vinna áfram.
- **Fundadagskrá.**

4. fundur	31. ágúst	Fundur í Strandabyggð um sumarverkefni
5. fundur	5. október	Fjárhagsáætlun.
6. fundur	7. desember.	Viðbrögð við fjárhagsáætlun

Fundi slitið kl 13:15